



# Hveragerði – vin skáldanna



**Sýning á Blómstrandi dögum 2011  
í Þorlákssetri, Breiðumörk 25b.  
Opin föstudag 12. til mánudags 15.  
ágúst kl.13 – 18 alla daga.**

## Sýningarnefnd

Pálína Snorradóttir formaður  
Björg Einarsdóttir  
Heiðís Gunnarsdóttir  
Hlíf S. Arndal  
Ragnheiður Ragnarsdóttir  
Svanur Jóhannesson

**Sýningarstjórn- og hönnun** Guðrún A. Tryggvadóttir

**Sýningarskrá** Jóhann Gunnarsson

## Pakkir fyrir ómetanlegan stuðning

Björn Pálsson	Hrefna Kristmannsdóttir
Jóhanna Hjartardóttir	Jóhannes B. Sigtryggsson
Kristján Kristjánsson	María Helgadóttir Kristoffersen
Vildís Kristmannsdóttir	Héraðsskjalasafn Árnesinga
Hveragerðisbær	Landmælingar Íslands
Listasafn Árnesinga	

## Pakkir fyrir veittan fjárstyrk

### Menningarráð Suðurlands

Almar bakari	Álnavörubúðin Breiðumörk 2
Blómaborg	Bókasafnið í Hveragerði
Dvalarheimilið Ás	Garðyrkjustöð Ingibjargar
Hofland–setrið	Hverabakarí
Hverablóm	Kjörís
Kjöt og kúnst	N1
Shellskálinn Hveragerði	

## Myndir í sýningarskrá

	Bis.
Vegurinn yfir Hellisheiði. Uppdráttur Íslands, 1949. Birt með leyfi Landmælinga Íslands.	4
Skáldagatan um 1946. Ljós. óþekktur.	5
Jóhannes úr Kötlu. Ljós. Kristján Jóhannesson. Úr fórum Svans Jóhannessonar.	6
Kristmann Guðmundsson. Myndin er tekin með leyfi Hrefnu Kristmannsdóttur úr ævisögu Kristmanns „Dægrin blá“. Ljós. óþekktur.	7
Gunnar Benediktsson. Úr fórum Heiðísar Gunnarsdóttur. Ljós. óþekktur.	8
Valdis Halldórsdóttir. Úr fórum Heiðísar Gunnarsdóttur. Ljós. óþekktur.	9
Séð yfir Hveragerði af Vorsabæjarhamri 1946. Úr safni Jóns Eiríkssonar frá Vorsabæ.	9
Séra Helgi Sveinsson. Ljós. óþekktur. Úr fórum Maríu Helgadóttur Kristoffersen.	10
Kristján frá Djúpalek. Ljós. Matthías Ó. Gestsson. Úr fórum Kristjáns Kristjánssonar.	11
Teikningar af húsum skáldanna. Guðrún A. Tryggvadóttir.	6, 7, 8, 10, 11

## Sýningin Hveragerði – vin skáldanna


Kjarni sýningarinnar er níu upplýsingatöflur um staðinn, aldarfarið, skáldin, verk þeirra, fjölskyldur og heimili.

1. Hveragerði – vin skáldanna
2. Skáldanýlendan Hveragerði og samfélagið
3. Skáldagatan í Hveragerði
- 4 – 9 Töflur um skáldin sex sem sýningin snýst um:  
Jóhannes úr Kötlum  
Kristmann Guðmundsson  
Gunnar Benediktsson  
Valdís Halldórsdóttir  
Séra Helgi Sveinsson  
Kristján frá Djúpalæk

Helstu ritverka skáldanna er getið á töflunum auk þess sem lista yfir þau er að finna í möppum á sýningunni. Afkomendur skáldanna hafa lánað nokkra persónulega muni sem sýndir eru. Nokkrar bækur þeirra eru einnig á sýningunni.

## Hveragerði – vin skáldanna

Skáldin sem fluttu til Hveragerðis hernámsárið 1940 og næstu árin á eftir eygðu von um betri og hagkvæmari kjör og aðbúnað en þau lifðu við á kreppuárunum fyrir stríð. Fréttir bárust um ódýra hitun í húsum og að matseld færi jafnvel fram í hverunum sjálfum. Á þessum tíma var mikill húsnæðisskortur í Reykjavík og fjölskyldur bjuggu þröngt. Þetta versnaði ennþá meira eftir að herinn kom. Fyrstir fluttu Jóhannes úr Kötlum með fjölskyldu sína í október 1940 og Kristmann Guðmundsson í febrúar 1941. Báðar fjölskyldurnar höfðu misst húsnæði sitt í Reykjavík. Það var eitthvað seiðandi við það að búa í litlu friðsælu þorpi þar sem voru ræktuð blóm og grænmeti. Árið eftir flutti séra Helgi Sveinsson og fjölskylda hans í götuna hjá þeim skáldræðrum. Þarna varð til þríeyki skálda sem hafði gaman af því að yrkja vísur um mannlífið í Hveragerði. Sumar urðu landskunnar. Samvinna þeirra og garðyrkjumanna varð að árlegum garðyrkju- og listamannaböllum. Þremmingarnir sömdu fyrsta Hveragerðisbraginn þar sem allar vísurnar enduðu á þessum orðum: „Hveragerði er heimsins besti staður.“



## Aðstæður þá og nú

Í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar voru aðstæður gjörólíkar því sem er í dag. Samgöngur og daglegt líf var þá með allt öðrum hætti. Fólk ferðaðist oftast á milli staða með strandferðaskipum og í rútubílum. Flugsamgöngur þekktust varla. Vegirnir voru malarbornir og sums staðar aðeins gerðir fyrir hestvagna. Vegurinn í Kömbum lá t.d. í ótal krókum og sums staðar þurftu rúturnar að bakka til að ná beygjunum. Þannig var þetta þegar Jóhannes úr Kötlum flutti með fjölskyldu sína austur með hinum þekktu rútubílstjóra Ólafi Ketilssyni í október 1940.


## Skáldanýlendan Hveragerði og samfélagið

Í Hveragerði hafa margir blekbændur haft viðkomu aðrir en skáldin sex sem sýningarnefnd kaus að beina athyglinni sérstaklega að. Á tímalínunni er að finna yfirlit yfir þau skáld, rithöfunda og hagrýðinga sem dvalið hafa í Hveragerði um lengri eða skemmri tíma. Ólíklegt er að tekist hafi í fyrstu tilraun að finna alla sem þar ættu að vera. Því er óskað eftir athugasemdum og leiðréttingum, sem má koma á framfæri við sýningarnefnd eða í tölvupósti á [bokasafn@hveragerdi.is](mailto:bokasafn@hveragerdi.is).



## Skáldagatan í Hveragerði


Vorið 1941 var byrjað að reisa hús fyrir skáldin Jóhannes úr Kötlum og Kristmann Guðmundsson í vestustu götu þorpsins sem ennþá hafði ekki hlotið nafn. Árið eftir bættist þriðja skáldið við, séra Helgi Sveinsson, en eftir það var farið að kalla götuna Skáldagötu. Það var ekki fyrr en 1946 að götunum í þessu nýja hverfi voru gefin nöfn og hlaut Skáldagatan nafnið Frumskógar. Þá voru skáldin Gunnar Benediktsson og Valdís Halldórsdóttir komin í hópinn og Gunnar orðinn oddviti í forföllum Helga Geirssonar. Að sögn Gunnars var gatan í mörg ár „ekki vottur af götu að öðru leyti en því, að húsalínur voru að nokkru leyti beinar í gegnum þrælþýfðan móa“. Samvinna skáldanna var mikil. Þeir létu bora eftir hita í götunni, leiddu í hús sín og settu upp hitakassa fyrir matseld á leiðslurnar.



## Jóhannes úr Kötlum

fæddist 4. nóvember 1899 að Goddastöðum í Dölum og lést í Reykjavík 27. apríl 1972. Lauk kennaraprófi 1921. Barnakennari 1917–33. Hann sat á Alþingi sem varamaður 1941. Fjórðingur á Kili sumurin 1939 og 1940 og landvörður í Þórsmörk ásamt Hróðnýju konu sinni 1955–62. Jóhannes hlaut verðlaun fyrir hátíðarljóð á Alþingishátíðinni 1930 og lýðveldishátíðinni 1944. Fékk Silfurhestinn, bókmenntaverðlaun dagblaðanna, 1970 og var tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 1966 og 1973. Jóhannes er kunnastur fyrir ljóð sín. Hann hóf skáldferil sinn sem nýrómantískt skáld á þriðja áratugnum en var síðan í broddi fylkingar róttækra skálda á kreppuárunum. Eftir stríð gerði hann sína eigin formbyltingu og endurnýjaði kveðskap sinn af frumleika og listfengi. Jóhannes var alla tíð öflugur baráttumaður fyrir friði og gegn erlendri hersetu og töldu margir að Sóleyjarkvæði væri perlan í ljóðagerð hans. Barnabókin Jólin koma hefur verið prentuð 26 sinnum og eru ljóðin í henni sungin og lesin á hverri aðventu. Ljóð Jóhannesar hafa verið þýdd á 17 tungumál og á þriðja hundrað tónsmíða hafa verið samin við þau.

## Miðsel



við Skáldagötu – nú Frumskógar 10

Jóhannes úr Kötlum og kona hans Hróðný Einarsdóttir urðu húsnæðislaus í Reykjavík haustið 1940. Þá fluttu þau til Hveragerðis ásamt börnum sínum Svani ellefu ára og Ingu Dóru þriggja vikna. Þau leigðu fyrst Friðsteinshús, sem var nýbyggður og óupphitaður sumarbústaður, en árið eftir reistu þau sér húsið Miðsel við nýja götu vestast í þorpinu sem síðar var nefnd Skáldagata. Um svipað leyti var byggt hús fyrir Kristmann Guðmundsson hinum megin götunnar og urðu samskipti strax töluverð á milli fjölskyldnanna. Jóhannes og Hróðný dvöldust í Svíþjóð, ásamt dóttur sinni, í eitt ár 1946–47, en byggðu sér síðan hús við Bröttuhlíð 9 í Hveragerði og þar fæddist dóttirin Þóra 1948.



## Kristmann Guðmundsson

fæddist 23. október 1901 að Þverfelli í Lundarreykjadal og ólst upp hjá móðurforeldrum sínum. Hann fór ungur að heiman til að vinna fyrir sér. Stundaði nám við Samvinnuskólann. Flutti til Noregs og var við nám í Voss, Lofthus og Aarnes. Bjó í Oslo, en ferðaðist víða um Evrópu. Flutti heim til Íslands 1939. Hann var mikilvirkur höfundur og dádur í Noregi og víðar um lönd. Verk hans voru þýdd á um 40 tungumál m.a. á kínversku. Kristmann var um skeið bókmenntagagnrýnandi Morgunblaðsins. Hann hafði á hendi bókmenntakynningu í skólum og las eigin verk í útvarpið. Kristmann var kunnastur fyrir skáldsögur sínar en hann var líka smásagnahöfundur, ljóðskáld og þýðandi. Sagan Morgunn lífsins var kvikmynduð af þýskum aðilum 1955. Heildarsafn ritverka hans var gefið út hér á landi. Kristmann lést í Reykjavík 20. nóvember 1983.



## Garðshorn

við Skáldagötu – nú Frumskógar 9

Kristmann Guðmundsson varð húsnæðislaus í Reykjavík snemma árs 1941 og flutti þá til Hveragerðis ásamt fimmtu konu sinni, Guðrúnu Guðjónsdóttur. Hann byggði sér húsið Garðshorn við Skáldagötuna og kom þar upp fágætum skrudgarði. Kristmann kvæntist níu sinnum og skildi jafnoft. Hann eignaðist sex dætur, þær Randí, Vildísi, Hrefnu, Ninju, Ingilín og Kaðlín. Kristmann var ásamt Gunnari Benediktssyni og fleirum baráttumaður fyrir því að Hveragerði yrði sjálfstætt hreppsfélag. Hann tók jafnframt þátt í borun fyrstu borholunnar sem notuð var til húshitunar í Hveragerði. Hann flutti til Reykjavíkur 1960.



## Gunnar Benediktsson

fæddist 9. október 1892 að Viðborði á Mýrum og lést í Reykjavík 26. ágúst 1981. Guðfræðipróf 1920, sóknarprestur í Grundarþingum 1920 – 31. Flutti erindi og hélt fyrirlestra víða um land á árunum 1932 – 42 og vann verkamannavinnu af ýmsu tagi. Í skólanefnd Saurbæjar-, Eyrarbakka- og Hveragerðishrepps og í hreppsnefnd á Eyrarbakka og í Hveragerði. Sat á Alþingi sem vara- maður nokkra hríð 1945. Var í stjórnskipuðum milliþinganefndum um póstmál og um nýjan veg yfir Hellisheiði og í Nýbyggingaráði sem varamaður í 10 vikur. Hann var í hópi baráttumanna sósíalisma og þjóðfrelsis á Íslandi. Kenndi í Unglingaskóla Eyrarbakka 1935 – 41 og kennari við Miðskólann í Hveragerði á árunum 1946 – 67 og skólastjóri í tvö skólaár frá 1956. Auk þess kenndi hann við Kvenna- skólann í Hveragerði og Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi. Skrifaði margar greinar í blöð og tímarit, fimm skáldsögur, þrjú leikrit, gaf út 15 bæklinga sem innihéldu predikanir, erindi, fyrirlestra og ritgerðir, níu sagnfræðirit, fjórar ævisögur og þýddi fjórar bækur. Ritstjóri: Nýi tíminn 1932 – 34, Nýja dagblaðið 1941, Réttur 1942, Nýi tíminn 1943 – 46.



## Vin

við Skáldagötu – nú Frumskógar 5


Gunnar og Valdís áttu heima á Eyrarbakka og höfðu bæði verið kennarar þar. Valdís fór í barneignarfrí og Gunnar að vinna sem túlkur hjá Bretanum í Kaldaðarnesi. Fékk síðan vinnu hjá Sósíalistaflokknum í Reykjavík og þurfti því oft að komast til höfuðstaðarins. Mikill tími fór því í ferðalög. Þau leituðu til Jóhannesar úr Kötlum, sem bjó í Hveragerði, og hann útvegaði þeim leiguhúsnæði í Friðsteinshúsi við Bláskóga haustið 1943. Síðan keyptu þau hús í Frumskógum 1944. Börn þeirra eru Heiðís fædd 1943 og Halldór fæddur 1950. Þau fluttust til Reykjavíkur 1975.





## Valdís Halldórsdóttir

var fædd 27. maí 1908 í Fljótstungu í Hvítársíðu og lést í Reykjavík 17. júní 2002. Kennarapróf frá Kennaraskólanum 1930. Kenndi í Borgarhreppi í Mýrasýslu einn vetur, á Eyrarbakka frá 1931 – 42. Stundakennsla í barna- og miðskólanum í Hveragerði 1945 – 48, kennari þar frá 1956 til starfsloka 1973. Var í skólanefnd Ölfushrepps 1948 – 54, starfaði í Kvenfélagi Hveragerðis m.a. í stjórn. Einn af ritstjórum Emblu 1945 – 49, en Embla flutti ritverk kvenna á árunum 1945–47. Í ávarpi ritstjóranna í fyrsta tölublaði kemur fram að tilgangur Emblu sé að birta sem fjölbreyttastar ritsmíðar kvenna, fornar og nýjar, einkum þeirra sem ekki höfðu komið verkum sínum á framfæri. Valdís fékkst við þýðingar. Hún var ljóðelsk kvenréttindakona sem átti auðvelt með að láta nemendur sína hrífast af ljóðum.



## Séra Helgi Sveinsson

fæddist 25. júlí 1908 að Hvítstöðum í Mýrasýslu. Hann tók stúdentspróf utanskóla 1930 og nam læknisfræði 1930 – 32, lauk kennaraprófi 1934 og embættisprófi í guðfræði 1936. Barnakennari í Reykjavík og á Akureyri 1934 – 37. Prestur að Hálsi í Fnjóskadal 1936 – 40 og í Arnarbælisprestakalli frá 1940 til æviloka. Bjó í Hveragerði frá 1942. Kennari þar frá 1943 við Unglingaskólann, síðar Miðskólann, Garðyrkjuskólann að Reykjum og Hlíðardalsskóla í Ölfusi. Hann var í framboði fyrir Alþýðuflokkinn í Árnassýslu og átti sæti í sýslunefnd frá 1946. Helgi var hugsjónamaður og var frelsi, jafnrétti og bræðralag honum hugleikið. Hann var hrókur alls fagnaðar á vinfundum og átti létt með að yrkja. Helgi var orðlagður fyrir góðar ræður og orti frábær ljóð, en þekktastur er hann fyrir hnyttnar en græskulausar tækifærisvísur sem margar urðu landskunnar. Hann lést af slysförum í Kaupmannahöfn 3. júní 1964.



## Ljósafell

við Skáldagötu – nú Frumskógar 7


Séra Helgi Sveinsson þjónaði Arnarbælisprestakalli og bjó í Arnarbæli ásamt konu sinni Katrínu M. Guðmundsdóttur og syni þeirra Hauki. Húsakynni þar voru í lélegu ástandi og fásinni nokkuð. Þau fluttu því til Hveragerðis 1942 og byggðu sér húsið Ljósafell við Skáldagötuna og þar fæddist dóttirin María Katrín. Mikil og góð samskipti urðu milli fjölskyldnanna í götunni og Katrín og Hróðný kona Jóhannesar urðu vinkonur ævilangt. Helgi og Jóhannes ortu saman alla Hveragerðisbragina en þann fyrsta ásamt Kristmanni.



## Kristján frá Djúpalæk

fæddist 16. júlí 1916 að Djúpalæk í N-Múlasýslu og ólst þar upp. Hann fór snemma að yrkja. Skólaganga varð ekki löng sökum fátæktar og vanheilsu. Hann nam við Alþýðuskólann á Eiðum 1936 – 37 og Menntaskólann á Akureyri árið eftir. Hóf síðan búskap á Staðartungu í Hörgárdal með Unni Friðbjarnardóttur sem hann kvæntist 1940.

Árið 1943 fluttu þau til Akureyrar þar sem Kristján vann verkamannsstörf til 1949. Á Hveragerðisárunum vann hann fyrst sem verkamaður, síðan barnakennari í Hveragerði og Þorlákshöfn. Þá komu út eftir hann þrjár ljóðabækur og sönglagahefti. Hann drýgði tekjurnar með sönglagatextum og ljóðapýðingum í barnaleikrit. Kristján tók drjúgan þátt í lista- og menningarlífinu. Kristján var fyrst og fremst ljóðskáld og snerust ljóð hans fremur um inntak en form. Í ljóðum hans birtast mannvit hans og mannúð, hlýja og kímni, en einnig togast þar á andstæðurnar ljós og myrkur. Fjölskyldan flutti til Akureyrar 1961 og sinnti Kristján þar ritstörfum. Hann andaðist þar 15. apríl 1994. Kristján fékk listamannalaun frá 1948 og ýmis rithöfundaverðlaun.



## Bræðraborg

við Skáldagötu – nú Frumskógar 6

Kristján frá Djúpalæk fluttist til Hveragerðis vorið 1950 með konu sinni Unni Friðbjarnardóttur. Unnur hafði þá verið við rúmið í þrjú ár með berkla í baki og Kristján, einnig bakveikur, að ná sér eftir aðgerð vegna brjóskeyðingar. Spurnir af lækningamætti hveraleirsins og ódýru húsnæði drógu þau til Hveragerðis og ekki spillti nálægðin við skáldin sem fyrir voru. Jóhannes úr Kötlum hjálpaði þeim að finna húsnæði og bjuggu þau í húsinu Bræðraborg í Skáldagötunni til 1961 að þau fluttu til Akureyrar. Sonur þeirra, Kristján, fæddist árið 1959.

## Ávarp sýningarstjóra

Á sýningunni „Hveragerði - vin skáldanna“ er sú spurning sett fram hvað það var sem gerði og gerir Hveragerði enn þann dag í dag að vin, næstum því útlöndum, í hugum manna. Voru það praktískar eða tilfinningalegar ástæður sem leiddu skáldin hingað eða beggja bland? Á sýningunni er leitast við að draga upp mynd af tilurð skáldanýlendunnar í Hveragerði upp úr 1940 þar sem fókusinn er á sex valin skáld sem settust að í hnapp, við svonefnda Skáldagötu. Enginn er eyland og því er aðaláherslan á að skoða persónur skáldanna, fjölskyldur þeirra og ytri aðstæður á nýbúaárunum og bera saman við það sem var að gerast í þjóðfélaginu á þessum tíma. Hugmyndin er að kanna hvernig sagan mótaði skáldin og hvernig skáldin mótuðu samtíð sína.

Sýningin á að veita innsýn í raunverulegar aðstæður skáldanna, vonandi án þorpshroka eða upphafningar, enda eru skáldin sem hér er um fjallað besta sönnun þess að ytri aðstæður og efnisleg umgjörð hafa ekkert með stærð lífsverks sannra skálda að gera.

Á tímalínunni sést hve stór hópur skálda hefur sest að í Hveragerði til styttri eða lengri tíma. Er saga þeirra ekki síður merkileg, en það verður seinni tíma verk að gera þeim betri skil.

Ég þakka frábært samstarf við Félag eldri borgara, Svan son Jóhannesar úr Kötlum og aðra aðstandendur skáldanna, svo og Hlíf S. Arndal, forstöðumann Bókasafnsins í Hveragerði, en þau hafa öll unnið ómetanlega rannsóknarvinnu fyrir þessa sýningu.

Guðrún A. Tryggvadóttir

## Hveragerðisskáldin í sjónvarpinu

Ríkisútvarpið hefur leyft okkur að sýna upptökur af viðtölum við skáldin og flutningi verka eftir þau. Þættirnir eru sýndir á flatskjá í enda sýningarsalarins alla sýningardagana. Sýningin er í einni samfellu, kaflaskil sem hér segir:

- Kl. 14:00** **Maður er nefndur:** Jón Hnefill Aðalsteinsson ræðir við Gunnar Benediktsson (1976).
- Kl. 14:35** **Kristmann í Noregi** og **Maður er nefndur:** Steinar J. Lúðvíksson ræðir við Kristmann Guðmundsson (1971).
- Kl. 15:15** **Stef úr ljóði lífsins:** Jónas Jónasson ræðir við Kristján frá Djúpalæk (1989).
- Kl. 15:55** **Dagskrá helguð Jóhannesi:** Matthías Johannessen ræðir við Jóhannes úr Kötlum. Upplestur og söngur (1969).